

SNJÓFLÓÐAVARNIR OFAN HOLTÁHVERFIS Í ÍSAFJARÐARBÆ

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð snjóflóðamannvirki muni hafa jákvæð áhrif á öryggi íbúa m.t.t. snjóflóðahættu miðað við núverandi aðstæður. Talsvert ónæði muni verða á framkvæmdatíma í íbúðarbyggð vegna nálægðar fyrirhugaðs varnargarðs en stofnunin leggur mikla áherslu á samráð við íbúa og eftirlit framkvæmdaraðila með verktakavinnu. Skipulagsstofnun telur ljóst að tilkoma svo umfangsmikils varnargarðs í mikilli nálægð við íbúðarbyggð auk fjölda stoðvirkja í fjallshlíðinni komi til með að hafa verulega neikvæð sjónræn áhrif og neikvæð áhrif á ásýnd fjallshlíðar Kubbans til frambúðar. Erfitt verður að koma við mótvægisáðgerðum til þess að draga úr sýnileika stoðvirkjanna en uppgræðsluáðgerðir sem taka mið af náttúrulegum gróðri á og við varnargarðinn eru líklegar til að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum garðsins á yfirbragð svæðisins næst Holtahverfi.

EFNISYFIRLIT

Contents

1	INNGANGUR	3
	1.1 Athugun Skipulagsstofnunar	3
	1.2 Gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar	3
2	FRAMKVÆMD og markmið.....	4
3	AÐRIR KOSTIR	4
4	NÍÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM.....	5
	4.1 Áhrif á menn og samfélag	5
	4.1.1 Sjónræn áhrif og áhrif á landslag.....	5
	4.1.2 Snjóflóðahætta og áhrif á öryggi íbúa.....	6
	4.1.3 Áhrif snjósöfnunar	7
	4.1.4 Ónæði á framkvæmdatíma	7
	4.1.5 Áhrif á útivist og landnotkun.....	8
	4.2 Áhrif á gróður og dýralíf	9
	4.2.1 Áhrif á gróður	9
	4.2.2 Áhrif á fugla	9
	4.2.3 Áhrif á jarðmyndanir og vatnafar	9
	4.3 Staða skipulags og leyfisveitinga.....	10
5	NÍÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR	10

1 INNGANGUR

1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 25. nóvember 2008 sendi Ísafjarðarbær frummatsskýrslu um snjóflóðavarnir ofan Holtahverfis í Ísafjarðarbæ til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 27. nóvember 2008 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og Bæjarins besta. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 27. nóvember 2008 til 9. janúar 2009 á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar, Bókasafninu á Ísafirði, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: www.isafjordur.is. Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Ísafjarðarbæjar, Byggðastofnunar, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands. Á kynningartíma barst Skipulagsstofnun ein athugasemd. Skipulagsstofnun sendi umsagnirnar og athugasemd til framkvæmdaraðila.

Þann 13. mars 2009 sendi Ísafjarðarbær matsskýrslu um snjóflóðavarnir ofan Holtahverfis í Ísafjarðarbæ til Skipulagsstofnunar og óskaði eftir álitni stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

1.2 GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Frummatsskýrsla. Snjóflóðavarnir ofan Holtahverfis í Ísafjarðarbæ. Nóvember 2008.

Önnur gögn: Eftirfarandi viðaukar:

Viðauki 1: Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. Flosi Sigurðsson, Gunnar Guðni Tómasson og Hallgrímur Daði Indriðason. Snjóflóðavarnir á Ísafirði, Holtahverfi neðan Kubba. Frumathugun apríl 2005.

Viðauki 2: Landmótun sf. Aðalheiður E. Kristjánsdóttir, Áslaug Traustadóttir og Óskar Örn Gunnarsson. Snjóflóðavarnir á Ísafirði, Holtahverfi. Mótvaðgisaðgerðir – tillaga að skipulagi, apríl 2005.

Viðauki 3: Náttúrustofa Vestfjarða, Ragnar Edvardsson. Fornleifakönnun vegna snjóflóðavarnargarðs í Kubba við Holtahverfi í Ísafjarðarbæ, júlí 2005.

Viðauki 4: Náttúrustofa Vestfjarða, Arnín Óladóttir. Gróðurfar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði vegna snjóflóðavarnargarðs í fjallinu Kubba ofan Holtahverfis í Skutulsfirði, ágúst 2005.

Viðauki 5: Náttúrustofa Vestfjarða, Böðvar Þórisson. Fuglalíf í Kubbanum í Skutulsfirði, júlí 2005.

Viðauki 6: Náttúrustofa Norðurlands vestra, Helgi Páll Jónsson og Þorsteinn Sæmundsson. Úttekt á jarðfræðilegum aðstæðum við Holtahverfi á Ísafirði, júlí 2005.

Viðauki 7: Verkfræðistofa Siglufjarðar sf., Þorsteinn Jóhannesson. Athugun á líklegri snjósöfnun við fyrirhugaðan þvergarð undir Kubbanum á Ísafirði, júní 2005.

Viðauki 8: Veðurstofa Íslands, Harpa Grímsdóttir. Bréf vegna fyrirspurna um veðurfar og snjósöfnun við snjóflóðavarnir, júlí 2005.

Viðauki 9: Línuhönnun verkfræðistofa hf., Ólafur Árnason og fleiri. Snjóflóðavarnir á Ísafirði – Holtahverfi. Mat á áhrifum á landslag og sjónræna þætti, ágúst 2005.

Viðauki 10: Náttúrustofa Vestfjarða. Minnisblað um athugun á Úlfsá í botni Skutulsfjarðar.

Umsagnir bárust frá:

- Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 17. desember 2008.
- Byggðastofnun með tölvubréfi dags. 11. janúar 2009.
- Fiskistofu með bréfi dags. 2. desember 2008.
- Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 10. desember 2008.
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 12. desember 2008.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 11. desember 2008.
- Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 30. desember 2008.

Athugasemdir bárust frá:

Ein athugasemd barst á kynningartíma frá Guðmundi Kristjánssyni dags. 8. janúar 2009.

Matsskýrsla: Snjóflóðavarnir ofan Holtahverfis í Ísafjarðarbæ. Mars 2009.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu er kynnt bygging snjóflóðavarnargarðs (þvergarðs) sem verður 260 m langur og allt að 18 m hár, ásamt uppsetningu 3-4 m hárra stoðvirkja á skilgreindum upptakasvæðum snjóflóða í hlíðum Kubbands. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að þvergarðurinn verði byggður ofan fjölbýlishúsa við Stórholt 7-17 í Holtahverfi í stefnu VNV-ASA, meðfram rótum fjallsins Kubba. Stoðvirkin verði reist á tveimur svæðum, í milli 100 og 280 m hæð í hlíð fjallsins og verði þau allt að 1900 m löng. Fram kemur að framhlíð garðsins (flóðmegin) verði brött og hlaðin með netgrindum. Toppur garðsins verði 5 m breiður og sé gert ráð fyrir öryggisgirðingu við brún á framhlíð hans. Hlémegin muni fláafleygur garðsins ná að lóðamörkum fjölbýlishúsa við Stórholt. Ráðgert sé að nota skriðuefni innan skilgreinds framkvæmdasvæðis af svæðinu í fláafleyginn og yfirborðsefni í landmótun en heildarefnispörf sé áætluð um 90.000 m³. Fram kemur að ef gæði og magn efnis á framkvæmdasvæðinu verði ekki nægjanleg sé meðal annars gert ráð fyrir að hægt verði að sækja efni í nærliggjandi efnistökusvæði í Dagverðardal, í jaðri vinnusvæðisins. Fram kemur að lagður verði um 1600 m langur vegslóði upp fjallshlíðina að fyrirhuguðum stoðvirkjasvæðum og sé miðað við að slóðinn verði jafnaður út í verklok og græddur upp svo að öll ummerki hans verði afmáð til lengri tíma litið. Fram kemur að markmið fyrirhugaðra framkvæmda sé að tryggja öryggi íbúa í Holtahverfi í Ísafjarðarbæ gagnvart snjóflóðum og sé áætlaður kostnaður um 810 milljónir króna. Gert sé ráð fyrir að hefja framkvæmdir við varnarnar árið 2009 og áætlað að framkvæmdum við uppbyggingu varnargarðs verði að mestu hægt að ljúka á einu ári og síðan uppgræðslu og frágangi á tveimur árum þar á eftir. Fram kemur að uppsetning stoðvirkja taki 2-3 ár en stefnt sé að því að framkvæmdum við snjóflóðavarnirnar muni ljúka árið 2011 og uppgræðslu árið 2012.

3 AÐRIR KOSTIR

Í matsskýrslu kemur fram að ýmsir kostir að varnarvirkjum hafi verið skoðaðir í ferlinu, þ.á.m. gerð mun lengri þvergarðs án þess að reist væru stoðvirki auk þess sem skoðaður hafi verið sá kostur að ráðast í uppkaupt húsa sem væru á skilgreindu

hættusvæði snjóflóða. Fram kemur að uppkaup húsa sé að mati framkvæmdaraðila ekki ásættanlegur kostur vegna óvissu um ráðstöfun þeirra húsa, röskunar íbúa, neikvæðra áhrifa á ímynd Holtahverfis og kostnaðar. Í umsögn Umhverfisstofnunar og athugasemd var bent á að framkvæmdir við stoðvirki í hlíðum Kubba ofan þvergarðs muni hafa neikvæð sjónræn áhrif í för með sér og sé nauðsynlegt að kannaðir verði aðrir möguleikar, s.s. umfangsmeiri þvergarður án stoðvirkja. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að uppsetning upptakastoðvirkja sé ávallt öruggari varnarkostur en bygging varnargarða og sé alltaf fyrsti kostur þar sem ákveðin óvissa ríki um virkni varnargarða. Uppsetning þvergarða sé hins vegar í mörgum tilvikum eina færa leiðin til þess að verja byggð. Til að tryggja ásættanlegt öryggi yrði þvergarður án uppsetningu stoðvirkja að vera um 400 m langur og allt að 23 m hár. Afar þröngt væri um garð af þessari stærð, nálægð hans við fjallshlíð Kubbands sé mikil og enn fremur myndi hann skerða búsetuskilyrði verulega í Stórholti 7 og að einhverju leyti í húsi við Kjarrholt 2.

4 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

4.1 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

4.1.1 Sjónræn áhrif og áhrif á landslag

Samkvæmt matsskýrslu munu fyrirhuguð snjóflóðamannvirki í heildina valda neikvæðum breytingum á náttúrulegri ásýnd Kubbands og breyta eðli útsýnis inn Skutulsfjörð. Sjónræn áhrif upptakastoðvirkja munu verða talsvert neikvæð, einkum fyrstu árin, þar til þau veðrast og samlagast að einhverju leyti umhverfi sínu en þó verður um að ræða langtíma, óafturkræf sjónræn áhrif. Með því að lágmarka rask við uppsetningu stoðvirkja er hægt að minnka neikvæð áhrif. Sjónræn áhrif vegar upp fjallshlíðina verða neikvæð en tímabundin, þar sem fyrirhugað er að fjarlægja ummerki um veginn. Neikvæð sjónræn áhrif verða mest fyrir íbúa Holtahverfis þar sem við bætist nálægð varnargarðs. Með þeim mótvægisáðgerðum sem lagðar eru til megi þó líta svo á að áhrif á nærumhverfi neðan Kubbands verði ekki neikvætt þegar til lengdar lætur, með skógrækt og uppgræðslu sé hægt að skapa umhverfi með jákvætt aðdráttarafl. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að framkvæmdir í hlíðum Kubba ofan þvergarðs muni hafa neikvæð sjónræn áhrif og í athugasemd kemur fram að upptakastoðvirki eyðileggi ásýnd fjallsins, sbr. einnig umfjöllun í kafla 3 hér að framan.

Skipulagsstofnun telur ljóst að helstu neikvæðu áhrif af fyrirhugðum framkvæmdum verði sjónræn eðlis og áhrif á landslag þar sem um er að ræða bæði tæplega 20 m háan og 260 m langan varnargarð í mikilli nálægð við íbúðarbyggð í Holtahverfi og verulegan fjölda 3-4 m hárra stoðvirkja í hlíðum Kubbands. Stofnunin tekur undir niðurstöðu matsskýrslu og Umhverfisstofnunar um áhrif framkvæmdanna á landslag og telur þau verða verulega neikvæð. Skipulagsstofnun telur að þær mótvægisáðgerðir sem framkvæmdaraðili hefur kynnt varðandi frágang garðsins, s.s. að varðveita gróðurlag jarðvegsins og nýta við frágang og endurheimt náttúrulegs gróðurs auk þess að hefja sáningu sem allra fyrst, komi til með að draga að einhverju leyti úr neikvæðum áhrifum garðsins á yfirbragð svæðisins næst Holtahverfi. Ljóst er þó að ásýnd svæðisins verður talsvert breytt miðað við núverandi aðstæður. Skipulagsstofnun telur að ekki verði komist hjá því að ásýnd fjallshlíðar Kubbands, þar

sem stoðvirki verða sett upp, muni taka þó nokkrum breytingum til frambúðar og að ekki verði auðvelt að koma við mótvægisáðgerðum til þess að draga úr sýnileika þeirra. Mikilvægt sé að allt rask er varðar uppsetningu stoðvirkjanna verði í lágmarki og að vegslóði upp Hafrafellsháls verði afmáður af framkvæmdum loknum, auk annarra slóða að stoðvirkjunum.

4.1.2 Snjóflóðahætta og áhrif á öryggi íbúa

Í matsskýrslu kemur fram að í lögum nr. 49/1997 m.s.br. um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum sé mælt fyrir um að meta skuli hættu á ofanflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafi fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku. Á grundvelli metinnar áhættu er afmarkað þrenns konar hættusvæði:

Hættusvæði A, þar sem staðaráhætta er á bilinu 0,3 til 1,0 af 10.000 á ári.

Hættusvæði B, þar sem staðaráhætta er á bilinu 1,0 til 3,0 af 10.000 á ári.

Hættusvæði C, þar sem staðaráhætta er meiri en 3,0 af 10.000 á ári.

Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna snjóflóða telst staðaráhætta ásættanleg í íbúðarhúsum, skólum, barnaheimilum, sjúkrahúsum og samkomuhúsum ef hún er minni en 0,3 af 10.000 á ári. Á öllum svæðum sem eru merkt sem A, B og C í hættumati er áhættan því talin vera of mikil. Fram kemur að hættumat fyrir Ísafjarðarbæ hafi verið staðfest af umhverfisráðherra 9. maí 2003. Samkvæmt hættumatinu sé fjöldi húsa með um 75 íbúðum í Holtahverfi á ofangreindum hættusvæðum, þ.e. staðaráhætta er meiri en 0,3 af 10.000 á ári. Fram kemur að með tilkomu varnarmannvirkjanna muni staðaráhætta neðan snjóflóðavarna verða 0,3 af 10.000 á ári, þ.e. ásættanleg staðaráhætta m.t.t. snjóflóðahættu.

Í matsskýrslu kemur fram að í gildi sé rýmingaráætlun fyrir Ísafjörð, en rýmingar séu ekki ásættanleg lausn til frambúðar, en hafi fram til þessa verið eina úrræðið á snjóflóðahættusvæðum þar sem ekk hafi verið reist varanleg varnarvirki. Fram kemur að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á samfélagið á Ísafirði verði í heild jákvæð þar sem öryggi byggðarinnar í Holtahverfi verði tryggt til frambúðar hvað snjóflóð varðar. Viðhorf almennings til væntanlegra snjóflóðavarna hafi þó yfirleitt verið nokkuð skipt á þeim stöðum sem þær hafi verið reistar. Athugasemdir hafi m.a. verið gerðar við að varnar- og leiðigarðar væru of stórir miðað við hættuna. Þegar snjóflóðavarnirnar hafi verið reistar hafi viðhorf almennings hins vegar í mörgum tilfellum breyst og reynslan af snjóflóðavörnum, þar sem þær hafa verið reistar sé sú að íbúar telji almennt að öryggi þeirra aukist með tilkomu þeirra, jafnvel þó ekki hafi reynt á varnirnar.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðra varnarmannvirkja á öryggi íbúa, sem við núverandi aðstæður búa við snjóflóðahættu og mögulegar rýmingar, verði jákvæð þar sem mannvirkin eiga að tryggja að staðaráhætta verði ásættanleg í íbúðarbyggðinni í Holtahverfi miðað við ákvæði reglugerðar. Hvað varðar samfélagslegt öryggi einstaklinga í Holtahverfi að öðru leyti telur Skipulagsstofnun líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir séu til þess fallnar að auka öryggiskennd íbúa í hverfinu gagnvart snjóflóðum. Hins vegar verður ekki hægt að fullyrða um þennan þátt þar til niðurstöður út rannsókn um áhrif snjóflóðavarna á öryggiskennd íbúa og byggðaþróun liggja fyrir.

4.1.3 Áhrif snjósöfnunar

Í matsskýrslu kemur fram að engin skýrsla eða formleg samantekt sé til um snjósöfnun við núverandi leiði- og varnargarða á landinu, en fylgst hafi verið með hvort óheppilegar snjósöfnunaraðstæður hafi skapast byggðamegin við garðana núverandi. Svo virðist ekki vera og engar kvartanir hafi komið fram um slíkt. Fram kemur að við fyrirhugaðar snjóflóðavarnir ofan Holtahverfis megi gera ráð fyrir að snjósöfnun við varnargarðinn verði helst í NA og SV áttum. Vindstrengir myndast við þau 5 hús sem standi næst garðinum og muni tilkoma garðsins sennilega draga úr vindstyrk sunnan við húsin og auka þar snjódýpt og gera megi ráð fyrir að aukin snjódýpt verði nærri þeim austast á svæðinu í báðum vindáttum. Hins vegar sé ekki búist við að garðurinn hafi veruleg áhrif á snjósöfnun norðan húsanna og í götunni. Fram kemur að ef óæskilegar breytingar á snjósöfnun komi í ljós í nágrenni við snjóflóðavarnirnar verði gripið til ráðstafana til að draga úr snjósöfnuninni, t.d. með því að setja upp snjósöfnunargirðingar.

Skipulagsstofnun telur að samkvæmt framlögðum gögnum sé ekki líklegt að snjósöfnun við íbúðarhús næst snjóflóðavarnargarðinum muni aukast verulega með tilkomu hans. Að mati stofnunarinnar er þó ljóst að mat á snjósöfnun með tilkomu snjóflóðamannvirkja eru háðar mörgum óvissuþáttum og telur stofnunin mikilvægt að eftirlit á vegum framkvæmdaraðila verði haft með snjósöfnun að framkvæmdum loknum svo að hægt sé að bregðast við með t.d. uppsetningu snjósöfnunargirðinga eða öðrum aðgerðum eftir því sem við á.

4.1.4 Ónæði á framkvæmdatíma

Í matsskýrslu kemur fram að umhverfisáhrif á framkvæmdatíma verði talsvert neikvæð. Íbúar þeirra húsa sem næst framkvæmdasvæðinu standi muni verða fyrir töluverðu ónæði vegna hávaða og rykmengunar frá vinnuvélum og sprengingum á skeringasvæði meðan að á framkvæmdum standi. Þá megi búast við að moldrok verði nokkurt á framkvæmdatíma. Til mestra óþæginda verði það fyrir íbúa í fjölbýlishúsunum við Stórholt þegar unnið verði við varnargarðinn. Eftir því sem uppbyggingu garðsins miði áfram komi hann til með að skýla húsunum að einhverju leyti frá hávaða á skeringarsvæði. Fram kemur að vinnusvæðið verði allt afmarkað og girt af næst byggðinni. Fram kemur að fylgt verði ákvæðum reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða, m.a. að framkvæmdaraðili kynni framkvæmdirnar fyrir íbúum nærliggjandi svæða með sannarlegum hætti áður en þær hefjist. Í þeirri tilkynningu skuli koma fram tímalengd framkvæmda, hvaða þættir þeirra séu líklegir til að valda ónæði og hvenær unnið verði að þeim þáttum. Dagsetningar sprenginga verði auglýstar og að öðru leyti verði vinna við sprengingar í samræmi við reglugerð nr. 684/1999. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um hávaða skal takmarka háværar framkvæmdir við tímann frá kl. 7.00 til 21.00 á virkum dögum og kl. 10.00 til 19.00 um helgar. Sérstaklega hávaðasamar framkvæmdir s.s. meitlun á bergi og sprengingar skal takmarka við tímann frá kl. 7.00 til 19.00 á virkum dögum. Fram kemur í matsskýrslunni að framkvæmdaraðili telji ekki raunhæft að binda vinnutíma við tímann frá kl. 7-18, því það bindi hendur verktaka allverulega. Um verði að ræða tiltölulegan stuttan framkvæmdatíma eða um 5 mánuði á ári og kunni verktaki að vilja vinna á vöktum til þess að hámarka afköst sín yfir þetta tímabil. Verði um slíka tilhögun að ræða þá sé hún háð leyfi sýslumanns og bæjaryfirvalda og ekki gerð nema í samráði við íbúa á svæðinu.

Fram kemur að vinnusvæðið verði allt merkt og afmarkað á skilmerkilegan hátt. Næst byggðinni, sérstaklega þar sem vinnusvæðið kemur að lóðum húsa, leiksvæðum og gönguleiðum verði verktaka gert að setja 1,5 – 2,0 metra háa girðingu en óhjákvæmilegt sé að fláafleygur þvergarðsins teygi sig inn fyrir núverandi lóðamörk við Stórholt 7. Útmörk vinnusvæðis séu því skilgreind upp að húsum við Stórholt 7-17 vegna vinnu við frágang, þó svo að miðað sé við að á byggingartíma varnargarðsins verði vinnusvæðið við eða nærri núverandi lóðamörkum. Fram kemur að ef upp komi vandamál varðandi vinnu verktaka og umgengni næst byggðinni mun framkvæmdaraðili beita sér fyrir myndun samráðshóps verkkaupa, verktaka og fulltrúa frá íbúum.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða er óskað eftir upplýsingum um nánari útfærslu á því hvernig eftirliti með því að verktaki virði reglur varðandi hávaða og ónæði við íbúðarbyggð verði háttáð. Framkvæmdaraðili bendir á að sérstakur eftirlitsaðili verði ráðinn til að sinna eftirliti með framkvæmd á vegum verktaka. Eitt af verkefnum hans muni verða að fylgjast með að verktaki fylgi þeim lögum og reglum sem honum ber að vinna eftir. Verði gert samkomulag um annan vinnutíma en fram kemur í reglugerðum, muni eftirlitsaðilinn einnig fylgja því samkomulagi eftir.

Skipulagsstofnun tekur undir niðurstöðu matsskýrslu um að áhrif vegna framkvæmda við varnargarð verð talsvert neikvæð m.t.t. ónæðis fyrir íbúa á framkvæmdatíma í nærliggjandi byggð. Líklegt sé að ónæði verði mest meðan verið er að ryðja upp efni úr skeringum í varnargarðinn, en að síðan muni garðurinn að einhverju leyti skerma af hávaða frá framkvæmdasvæði hlíðarmegin við þá. Í matsskýrslu koma fram fyrirheit framkvæmdaraðila um afmörkun framkvæmdasvæðis, leyfisumsókn ef vinnutími verður annar en reglugerðarákvæði segja til um, samráð við íbúa og eftirlit með verktakavinnu. Skipulagsstofnun telur ljóst að vegna mikillar nálægðar framkvæmdasvæðisins við íbúðarbyggðina sé mjög mikilvægt að framkvæmdaraðili uppfylli þessi fyrirheit og vill stofnunin leggja sérstaka áherslu á að haft verði náíð samráð við íbúa hvað varðar fyrirkomulag framkvæmda og vinnutíma. Meðal annars er mikilvægt að fyrir liggi að eftirlit verði haft með að vinnutími, sem hugsanlega verði samið um og falli að einhverju leyti utan reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða, verði virtur.

4.1.5 Áhrif á útivist og landnotkun

Í matsskýrslu kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði hafi að þó nokkru verið nýtt til útivistar m.a. sé Hafrafellshálsinn vinsæl gönguleið, þar sé einnig berjatínsluland sem og neðst í Bröttuhlíð. Á því svæði hafi einnig verið plantað trjám og muni þau stærstu lenda undir varnargarðinum sunnan við Stórholt 7. Fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa veruleg áhrif á notkun svæðisins til útivistar meðan á þeim stendur og leiksvæði og gönguleiðir innan afmarkaðs framkvæmdasvæðis verði lokaðar. Fram kemur að fyrirhugað sé að skapa nýtt og fjölbreytt útivistarsvæði á og umhverfis framkvæmdasvæði varnargarðsins og þá verði frágangur á vegslóða upp Hafrafellsháls með þeim hætti að reynt verði að komast sem næst upprunalegu ástandi svæðisins. Slóðinn verði sléttaður og græddur upp þannig að ásýnd og lögun hálsins geti jafnað sig á aðeins fáeinum árum að framkvæmdatíma loknum.

Skipulagsstofnun telur að áhrif varnarvirkjanna á útivist verði ekki veruleg. Ljóst er þó að í stað náttúrulegs útivistarsvæðis í Bröttuhlíð og við varnargarðinn kemur manngert svæði og því verður útivist að einhverju leyti með öðrum hætti á svæðinu en

verið hefur. Útivist ofar í fjallinu ætti að verða með svipuðu sniði að framkvæmdum loknum þó að gera megi ráð fyrir að upptakastöðvirkjasvæðið verði þynnrir í augum sumra. Að mati stofnunarinnar þarf að tryggja vel öryggi þeirra sem um garðinn fara þar sem um verði að ræða hátt mannvirki.

4.2 ÁHRIF Á GRÓÐUR OG DÝRALÍF

4.2.1 Áhrif á gróður

Í matsskýrslu kemur fram að við fyrirhugaðar framkvæmdir muni heildarstærð svæðis sem raskist verða um 19 ha og þar af megi gera ráð fyrir skerðingu gróðurs á um 10 ha svæði en ekki sé um samfelld gróðursvæði að ræða. Á svæðinu sem raskist séu ekki sjaldgæfar eða friðaðar tegundir eða friðuð gróðurhverfi. Nokkur eftirsjá sé þó af um 0,4 ha votlendissvæði sem hverfi, enda sjaldgæft að sjá svona fjölbreytt votlendi nærri byggð. Gert sé ráð fyrir mótvægisáðgerðum er lúta að yfirborðsfrágangi og uppgræðslu með grassáningu og áburðargjöf á öllu því svæði sem raskast eins fljótt og hægt er að framkvæmdum loknum. Þannig sé þess freistað að koma í veg fyrir jarðvegsrof og moldrok og verði sérstök áhersla lögð á að flýta uppgræðslu varnargarðsins næst íbúðarlóðum.

Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir að engar friðaðar tegundir eða sjaldgæfar muni verða fyrir raski vegna framkvæmdanna muni fyrirhugaðar framkvæmdir hafa nokkur neikvæð áhrif á gróður þar sem um er að ræða umfangsmikil gróðursvæði sem raskast. Stofnunin telur að þær aðgerðir til mótvægis sem framkvæmdaraðili hefur kynnt í matsskýrslu og m.a. eru raktar hér að framan séu til þess fallnar til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður sem og jarðvegsfoks yfir nærliggjandi byggð.

4.2.2 Áhrif á fugla

Í matsskýrslu kemur fram að sumurin 2004 og 2005 hafi fuglalíf verið athugað í hlíðum Kubbands og hafi athugunin náð að Úlfsá og einnig tekið til svæðisins við fyrirhugaðan vegslóða upp Hafrafellsháls. Fram kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki hafa áhrif á sjaldgæfar fuglategundir og ekki hafa mikil áhrif á þéttleika fugla eða tegunda á svæðinu. Fyrirhugaður varnargarður og vegslóði muni líklega raska óðali steindepla en neikvæð áhrif verði líklega lítil.

Skipulagsstofnun telur ljóst að á áhrifasvæði fyrirhugaðrar framkvæmdar verði um tímabundin neikvæð áhrif að ræða á búsvæði nokkurra fuglategunda. Fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir er lúta að uppgræðslu eru líklega jákvæðar aðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum á fugla. Þá liggur fyrir að ekki er að finna friðaðar eða sjaldgæfar fuglategundir innan þess svæðis sem raskast. Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fuglalíf eru að mati stofnunarinnar ekki líkleg til að verða verulega neikvæð þegar til lengri tíma er litið.

4.2.3 Áhrif á jarðmyndanir og vatnafar

Í matsskýrslu kemur fram að á og við framkvæmdasvæðið séu engar sérstæðar jarðmyndanir sem muni verða fyrir raski og engar ritaðar heimildir hafi fundist um steingervinga í millilögum, surtarbrand eða trjábólaför í Kubba eða Hafrafellsfjalli. Megi því telja mjög ólíklegt að verið sé að raska slíkum jarðfræðilegum minjum sem gætu haft verndargildi. Lausum setlögum ofan hverfisins verði óhjákvæmilega raskað á efnivinnslusvæðinu, þau setlög hafi líklega töluvert af jarðvatni í sér og megi því

leiða líkum að því að vatnsrennsli geti aukist á framkvæmdasvæðinu og ofan í hverfið ef efni verði numið á brott. Gæti þetta dregið úr stöðugleika hlíðarinnar og aukið grjóthrunshættu og skriðuvirkni þar sem halli hlíðarinnar er talsvert mikill. Fram kemur að við lokahönnun verksins verði halli skeringa í laus efni og bergskeringar í hlíðum Kubbands með þeim hætti að hætta á grjóthruni verði sem minnst og hafist verði handa við sáningu, tyrfingu og gróðursetningu svo fljótt sem unnt er. Þá verði öllu ofanvatni veitt í lögnum í Úlfsá á meðan á framkvæmdum standi og eftir að þeim verði lokið.

Skipulagsstofnun telur að fyrir liggi að við gerð varnargarðs og stoðvirkja verði töluvert rask á lausum jarðlögum í fjallshlíðinni ofan byggðarinnar en að ekki sé um sérstakar jarðmyndanir að ræða. Þó telur stofnunin að ekki sé hægt að útiloka að sjaldgæfir steingervingar eða plöntuleifar finnist. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að nauðsyn eftirlits á efnisvinnslusvæðinu í fjallshlíðinni m.t.t. til grjóthrunshættu og skriðuvirkni þar sem halli hlíðarinnar er talsvert mikill og þá einkum í vatnavöxtum. Skipulagsstofnun telur eðlilegt að framkvæmdaraðili geri ráðstafanir á framkvæmdatíma sem komi í veg fyrir að hugsanlegt grjóthrun eða aurskriður nái að íbúðarbyggð.

4.3 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna snjóflóðavarna ofan Holtahverfis bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

- Framkvæmdin er í samræmi við staðfesta breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009.
- Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Vinna þarf deiliskipulag fyrir snjóflóðamannvirkin og þarf það að taka gildi áður en sveitarstjórn gefur út framkvæmdaleyfi. Deiliskipulagstillaga liggur fyrir en hefur ekki verið samþykkt.
- Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

5 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Ísafjarðarbæjar sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla framkvæmdaraðila byggði á auglýstri frummatsskýrslu, umsögnum og athugasemd sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu Ísafjarðarbæjar til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla framkvæmdaraðila hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir athugasemd og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð snjóflóðamannvirki muni hafa jákvæð áhrif á öryggi íbúa m.t.t. snjóflóðahættu miðað við núverandi aðstæður. Stofnunin telur samkvæmt framlögðum gögnum sé ekki líklegt að að snjósöfnun í íbúðarbyggð næst varnargarðinum verði veruleg með tilkomu garðsins en leggur áherslu á að eftirlit verði með snjósöfnun þar að framkvæmdum loknum og að gripið verði til mótvægisáðgerða leiði eftirlit til þess að þörf sé á því. Skipulagsstofnun telur ljóst að talsvert ónæði muni verða á framkvæmdatíma í íbúðarbyggð vegna nálægðar fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis varnargarðsins einkum í byrjun þegar varnargarðurinn hefur ekki náð þeirri hæð að skerma af hávaða frá vinnuvélum og efnisflutningabifreiðum. Vegna mikillar nálægðar framkvæmdasvæðisins við íbúðarbyggðina telur Skipulagsstofnun mjög mikilvægt að haft verði samráð við íbúa og eftirlit verði haft með verktakavinnu á vegum framkvæmdaraðila, að framkvæmdasvæði verði skýrt afmarkað og að framkvæmdaraðili sæki um leyfi til þar til bærri yfirvalda ef vinnutími verður annar en reglugerðarákvæði segja til um.

Skipulagsstofnun telur ljóst að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa verulega neikvæð sjónræn áhrif og áhrif landslag með tilkomu svo umfangsmikils varnargarðs í mikilli nálægð við íbúðarbyggð auk fjölda stoðvirkja í fjallshlíðinni. Ásýnd fjallshlíðar Kubbands mun taka þó nokkrum breytingum til frambúðar og ekki verður auðvelt að koma við mótvægisáðgerðum til þess að draga úr sýnileika stoðvirkjanna. Skipulagsstofnun telur að þær mótvægisáðgerðir við frágang garðsins er lúta að uppgræðslu sem tekur mið af náttúrulegum gróðri og fjallað er um í kafla 4.1.1 í þessu álitu séu líklegar til að draga að einhverju leyti úr neikvæðum áhrifum garðsins á yfirbragð svæðisins næst Holtahverfi. Skipulagsstofnun telur óhjákvæmilega að nokkur neikvæð áhrif verði á gróður þar sem umfangsmikil gróðursvæði raskast en engar friðaðar eða sjaldgæfar tegundir munu þó verða fyrir raski. Kynntar uppgræðsluáðgerðir munu draga úr áhrifum framkvæmdanna á gróður. Þá verður um tímabundin, neikvæð áhrif á fugla að ræða, einkum á framkvæmdatíma en að loknum frágangi og uppgræðslu má reikna með að fuglalíf komist í svipað horf og var fyrir framkvæmdir. Stofnunin telur að áhrif framkvæmdanna á jarðmyndanir verði ekki verulega neikvæð en að töluvert rask verði á lausum jarðlögum í fjallshlíðinni ofan byggðarinnar. Eðlilegt sé að framkvæmdaraðili geri ráðstafanir á framkvæmdatíma sem komi í veg fyrir að hugsanlegt grjóthrun eða aurskriður nái að íbúðarbyggð.

Skipulagsstofnun telur að öðru leyti að hvernig til tekst um áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið sé háð verktilhögun og mótvægisáðgerðum sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og eftirliti með áðgerðum og áhrifum á framkvæmda- og rekstartíma.

Reykjavík, 8. apríl 2009,

